

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu  
bt. Ólafs Davíðssonar, formanns  
Forsætisráðuneytinu  
Við Lækjartorg  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. júlí 2002

Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson sendu bréf til Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, þann 27. júní 2002, þar sem óskað var eftir viðræðum um kaup á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. að gefnum ákveðnum forsendum, sem tilgreindar voru í bréfinu. Bréf þetta var ítrekað, 25. júlí sl., auk þess sem jafnframt var lýst áhuga á að kaupa hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands hf. að gefnum sömu forsendum.

Þær forsendur sem tilgreindar voru í bréfinu, þann 27. júní, eru grundvöllur að því hvort áhugi sé að taka upp frekari viðræður um möguleg kaup eða ekki. Því þarf að vera sameiginlegur skilningur á efni bréfsins og þeim skilyrðum sem þar eru sett fram, auk þess sem liggja þarf fyrir hvaða vinnubrögð verði viðhöfð af hálfu Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, áður en lengra er haldið.

Til þessa hafa ofangreindir lagt í töluverðan kostnað og fyrirhöfn og rætt við erlenda bankasérfræðinga, reyndar ráðið einn slíkan til að framkvæma úttekt á bönkunum, en slíkt er nauðsynlegt þegar verið er að ræða fjárfestingu að þessari stærðargráðu. Var þetta gert þar sem fram hafði komið í fjölmáðlum að einhugur væri að baki sölu á kjölfestuhlut í bönkunum. Því kom undirritaðum verulega á óvart að sjá viðskiptaráðherra í kvöldfréttatíma ríkissjónvarpsins, þann 25. júlí sl., þar sem hún var spurð hvort selja ætti bankana, svara eftirfarandi: “Það ætla ég ekki að fullyrða á þessari stundu því að við vorum fyrst og fremst að óska eftir viðbrögðum og athuga um áhuga.” Á meðan þetta viðhorf er ríkjandi þykir undirritaðum of mikil óvissa og stefnuleysi einkenna þetta mál, sem þarf að eyða áður en lengra er haldið.

Í ljósi þessa vill undirritaður fá svar við eftirfarandi spurningum áður en sest verður að samningaborði eða spurningum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, frá 26. júlf sl., sem fram komu með fundarboði, verði svarað.

1. Stendur til að selja kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.?
2. Hefur Framkvæmdanefnd um einkavæðingu heimild til að ganga frá sölu á eignahlut í bönkunum byggt á þeim forsendum sem fram komu í bréfi 27. júní og ítrekað var 25. júlf?
3. Hvaða áhrif er hugsanlegt að svokallað SPRON mál hafi á virði bankanna og breytingar á fjármálamarkaði hérlandis?
4. Hvaða vinnubrögð verða viðhöfð í viðræðum við þá aðila sem sendu inn tilkynningu?
5. Hvaða tímaramma hefur Framkvæmdanefnd um einkavæðingu til hliðsjónar?
6. Hvaða gögn fá þeir aðilar sem sendu inn tilkynningu aðgang að til að leggja mat á virði bankanna og framtíðarhorfum þeirra?

Svar við ofangreindum spurningum óskast hið fyrsta svo að unnt verði að taka ákvörðun um næstu skref. Á meðan þeim er ósvarað telur undirritaður ógerlegt að meta hvort hann og samstarfsaðilar hans hafi áhuga á að fjárfesta í kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf.

Virðingarfyllst,

Björgólfur Thor Björgólfsson